

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 20. nóvember 2021 klukkan 14:51

Titill

Barkárjökull.

Höfundur

Páll Bergþórsson (1923)

Tímarit

Jökull

6. árgangur 1956

1. tölublað

Bls. 29

Vefslóð

<https://timarit.is/gegnir/000562393>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við réttihafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi réttihafa.

Barkárjökull

Sunnudaginn 19. ágúst 1956 fór ég ásamt Friðfinni Sigtryggssyni í Baugaseli og Eiði Guðmundssyni á Þúfnavöllum inn í Barkárdal til þess að athuga skriðjökulinn í botni dalsins. Ætlunin var að finna vörður, sem Friðfinnur og Jón Eyþórsson höfðu hlaðið nálægt jökulröndinni sumarið 1939 og miðað mælingar við. Þrátt fyrir talsverða leit gátum við alls ekki séð móta fyrir vörðum þessum, og varð förin því árangurslaust að þessu leyti. Friðfinnur sagði mér líka, að sumarið eftir að vörðurnar voru réistar hefðu tveir synir hans leitað þeirra árangurslaust.

Var því ekki annað ráð fyrir hendi en setja upp ný merki:

1. Um 67 m frá jökulröndinni, milli tveggja aðalkvísla Barkár, hlöðum við allmörgum steinum, aðallega rauðum, upp á stóran stein. Er steinn þessi þar, sem urðin er einna hæst og aðeins nær suðurhlíð dalsins en norðurhlíð.

2. Frá þessu merki mældum við 345 m að næsta merki, sem við settum upp í endann á greinilegum urðarhrygg. Merki þetta er hella, sett milli tveggja stórra steina, en ofan á hana settum við minni steina.

Eiður á Þúfnavöllum sagði mér, að við þessa urð hefði jökulröndin verið *haustið 1900*. Var greinilegt, að meira vottaði fyrir mosa og fátæglegum gróðri þeim megin við urðarhrygginn, sem fjær var jöklinum. Hefur jökullinn því hopað um 412 m frá 1900–1957.

Frá þessu merki er allröskur hálf tíma gangur niður að Húðarhólum, sem eru rétt neðan við jaðar jökulurðarinnar.

Sigurðssyni. Morguninn eftir fór ég með mjólkurbíl til Akureyrar. Í Hörgárdal var logn og hiti, en útræna og skýjakúfar á fjöllum við Eyjafjörð.

Tíminn leyfði mér ekki að fara inn í Myrkárdal úr því að ég komst ekki yfir fjall um Gíslaskarð, eins og ég hafði ætlað mér. Jökullinn í botni Myrkárdals mun vera svipaður Barkárdalsjökli, en talsvert minni.

Síðar mun skýrt frá athugunum á Vindheimajökli, Bægisárjökli, jökulum á Glerárdal og í Torfufelli í Eyjafirði.

Frh. í næsta hefti. (*To be continued.*)

Sumarleyfisferð

á Vatnajökul

Miðvikudaginn 27. júní lögðum við fimm félagar af stað frá Reykjavík kl. 22.25, og var ferðinni heitið í fyrsta áfanga í Jökulheima. Tilgangurinn var að fara á skíðum til Grímsvatna, ganga síðan á Hvannadalshnúk og halda svo sem leið liggur niður í Örafi. Áður en lengr er haldið, mundi hlýða að kynna okkur, þessa bjartsýnu ferðalanga, sem sannfærðir voru um skemmtilega ferð, jafnvel þótt ekki viðraði sem bezt og okkur væri vel ljóst, að ekki væri erfiðislaust að ferðast gangandi um Vatnajökul með farangur sinn á sleða í eftirdragi. Þessir fimm voru: Guðmundur Finnbogason, Björgvin Ólafsson, Gunnar Ólafsson, Gunnar Magnússon og Friedhelm Geyer, þýðverzkur, sem hafði bætzt í hópinn á síðustu stundu. Vorum við fyrst í vafa um, hvort hann kæmist með, því að tjald okkar var talið hæfa fjórum. Við nánari athugun töldum við tjaldið myndi duga okkur 5 og reyndist fara vel um okkur í því. Hinn nýi maður reyndist hinn ágætasti ferðafélagi, sem auk þess var atvinnuljósmyndari og gerði okkur ferðina ógleymanlega með myndum sínum.

Héldum við sem leið liggur austur um kunnar sveitir, og þegar komið var á Landveginn var dýrlegt útsýni austur til Tindfjallajökuls, enda veður heiðskírt og tungl á lofti. Að Tungná komum við kl. 4 um nóttina, og var lítið í ánni. Fannst bíl og bílstjóra, sem báðir voru frá Guðmundi Jónassyni, sem þeim hefði boðizt brattara þarna, enda aðeins 10 mínútna ferð yfir ána að þessu sinni. Í Jökulheima var komið kl. 6.25. Skoðuðum við hinn prýðilega skála Jöklarannsóknafélagsins og dáðumst að dugnaði þeirra, sem komið höfðu honum upp. Fengum við nú bílstjóran til að flytja okkur að jökulröndinni og tjölduðum þar á sandinum. Halldór bílstjóri og Ásgeir félagi hans voru kvaddir með kærleikum, og héldu þeir þegar til byggða. En við fengum okkur tveggja stunda svefn áður en tekið væri til að selflytja farangurinn hálf tíma leið yfir mestu torfærurnar við jökulröndina. Nú var farið að hnýta saman sleðann og ganga frá farangri á honum. Gerð-